



Reykjavík, 5. apríl 2024

MSS24020129

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Afgreiðslubréf: Tillaga um innleiðingu nýrra strætóleiða fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Eyrúnar Evu Sigurbjörnsdóttir, fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að bætt verði við nýrri strætóleið fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða vinnu við nýja Borgarlínu.

Greinargerð:

Ungmennni í úthverfum Árbæjar og Holta eru orðin langþreytt á afskiptaleyssi Strætó og hversu fáar strætóleiðir eru í þeim ört stækkandi hverfum. Ungmennaráð Árbæjar og Holta gerði rannsókn þar sem ungmenni í 8.-10. bekk tóku þátt og sögðu yfir 90% að þau myndu nýta sér strætóleið sem gengi frá Mosfellsbæ til Mjóddar með stoppistöðvum í Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að ný strætóleið verði innleidd fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða vinnu við nýja Borgarlínu eins og segir í tillögunni. Segir í greinargerð með tillögunni að ungmenni séu orðin langþreytt á afskiptaleyssi Strætó og hversu fáar strætóleiðir eru í þessum ört stækkandi hverfum. Ungmennaráð Árbæjar og Holta gerði rannsókn þar sem ungmenni í 8.-10. bekk tóku þátt og sögðu yfir 90% að þau myndu nýta sér strætóleið sem gengi frá Mosfellsbæ til Mjóddar með stoppistöðvum í Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti. Strætó bs. eru einu almenningssamgöngur Reykvíkinga. Strætó er byggðasamlag. Gallar eru við þetta fyrirkomulag sem felst í því að Reykjavík er stærsti eigandi Strætó en hefur ekki ákvarðanavald í samræmi við eigendaprósentu. Þjónusta er víða afleit og illa gengur að bæta úr. Sérlega þarf að breyta þessu fyrirkomulagi. Strætó hefur lengi róið lífróður. Vandinn er á flestóllum sviðum, nýtt greiðsluferfi hefur reynst illa og þjónustustefnu fyrirtækisins virðist illa fylgt. Í ljósi reynslunnar og fjárhagsstöðu Strætó bs. eru því miður ekki miklar væntingar um að þessi tillaga nái fram að ganga.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að



Reykjavík



hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt,
Bjarni Þóroddsson
Miðlæg stjórnsýsla
Skrifstofa borgarstjórnar

Samrit:

Hjálagt:



Reykjavík